

ICELANDIC

Taktu þátt í að halda upp á Alþjóðlega skjaladaginn 2015 og komdu skjalavörslustarfsemi þinni á framfæri!

Hinn 9. júní 2015 sameinast skjalaverðir á heimsvísu um að halda upp á mikilvægi og árangur starfssviðs okkar. Sendu okkur afrit skjals úr safni þínu sem varpar ljósi á svæðið sem skjalasafn þitt þjónar; skýrðu okkur frá myndinni og, ef þú vilt, sendu okkur stutt skilaboð og vefslóð skjalasafns þíns. Deild staðar-, sveitarfélags- og svæðisskjalasafna Alþjóða skjalaráðsins hefur sett upp vefsíðu til þess að birta allar myndir og skilaboð sem okkur berast.

Til þess að sjá hvað við gerðum árið 2014 vísast til:

www.internationalarchivesday.org. Við vonumst til þess að á árinu 2015 verði þetta stærra og betra með þinni hjálp.

Til þess að taka þátt í þessu ertu vinsamlegast beðinn um að senda jpeg mynd (hámark 800x800 px) af því skjali sem þú velur, ásamt stuttri lýsingu á því á móðurmáli þínu fyrir 30. maí 2015 til: m.langelaar@rotterdam.nl. Ef þú sendir mynd árið 2014, hvers vegna ekki að bæta við annarri árið 2015 – vefsíðan mun hýsa vaxandi fjölda mynda á komandi árum?

Við hlökkum til að deila dýrgripum þínum með starfsfélögum um allan heim.

Gleðilegan Alþjóðlegan skjaladag!